

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2001

frá 31. janúar 2001

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/1999 frá 5. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 7. lið (tilskipun ráðsins 80/778/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„7a. **398 L 0083:** Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 15, 18.1.2001, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 3, 18.1.2001, bls. 149.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

2. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 98/83/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.